

Strætó bs

b/t Framkvæmdastjóra

Jóhannes Rúnarsson

Hafnarfirði 27.3.2019

Leiðakerfisbreytingar: Leið 21 og innanbæjar akstur í Hafnarfirði

Umhverfis- og framkvæmdaráð sendi í maí 2018 tillögur að leiðakerfisbreytingum innanbæjaraksturs og breytingum á leið 21 til umfjöllunar hjá sérfræðingum og stjórn Strætó. Nú liggur fyrir að tillögurnar hafa fengið umfjöllun og greiningu hjá sérfræðingum ykkar sem og stjórn byggðasamlagsins.

Erindi Umhverfis og framkvæmdaráðs er að kanna hvenær megi búast við að hægt verði að hrinda þessum breytingum í framkvæmd? Breytingarnar krefjast töluverðs undirbúning hjá sveitarfélaginu þar sem tillögurnar gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á stoppistöðvum og ennfremur breytingum í miðbæ Hafnarfjarðar sem lúta að því að stytta akstursleiðir. Áætlanir og beiðni Hafnarfjarðarbæjar gerðu ráð fyrir að breytingar gætu tekið gildi síðla árs 2019 en stjórn Strætó sá sér ekki fært að verða við þeirri beiðni vegna ramma fjárhagsáætlunar 2019.

Hafnarfjarðarbær óskar hér með eftir formlegu svari sem fyrst þess efnis að gert verði ráð fyrir viðbótarfjármagni við gerð fjárhagsáætlunar 2020 þannig að hægt sé að hefja viðeigandi undirbúning hjá sveitarfélaginu á þessu ári fyrir fyrirhugaðar leiðakerfisbreytingar.

Virðingarfyllt;

Fh. Umhverfis- og framkvæmdaráðs